

Mosfellsbær, 25 febrúar 2011

Kæri Herra Jón Sigurðsson,

Ari Páll Karlsson heiti ég og er þrettán ára nemandi í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ. Ég er ný búinn að stofna nýtt skólablað með nokkrum félögum mínum. Með útgáfu þessa blaðs tókum við þig til fyrirmyndar og er markmið okkar að koma skoðunum okkar varðandi kennslu og aðbúnað, mötuneyti og félagslíf á framfæri líkt og þú gerðir í Nýjum félagsritum. Það sem við höfum verið að skrifa um undanfarnar vikur er mötuneytið. Kennararnir mega alltaf velja hvað þeir fá í mötuneytinu en við nemendurnir þurfum að lifa við það að fá bara einhvern fisk sem er soðinn inni í gufuofni á fimm mínútum. Gufuofn er tæki úr framtíðinni sem við notum til dæmis til að sjóða grænmeti og fisk. En ég get sko sagt þér það að lífið á kennarastofunni er sko frekar mikið sældarlíf. Ég laumaðist eitt sinn þangað inn og hvílíkar allsnægtir! Tæki og tól í hverju skúmaskoti, fullt af spennandi hlutum úr framtíðinni líkt og gossjálfsali, poppkornsvél og flatskjáir. Maturinn þeirra var sko enginn gufuofnsfiskur því kennararnir voru með sinn eiginn kokk og salat sem var ekki búið að vera í skipi í viku. Finnst þér þetta ekki vera svolítið líkt því þegar þú varst að berjast fyrir verslunarfrelsi Íslendinga? Líkja má kennurunum við danska ríkið og nemendunum við íslensku þjóðina. Þú hefur verið góð fyrirmynd og veitt okkur innblástur enda heitir blaðið okkar að ákveðnu leyti í höfuðið á Nýjum félagsritum, það heitir Ný skólarit.

Með kærri kveðju og hamingjuóskum vegna tvöhundruð ára afmælis þíns í sumar.

Ari Páll Karlsson